

Fundargerð Menningarmálanefndar Skaftárhrepps

90. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps 21. feb 2020, klukkan 13:00

Mættir. Aðalmenn: Ólafur E. Júlíusson, Gunnar Erlendsson, Lilja Magnúsdóttir. Varamenn: Sólveig Ólafsdóttir, Þuríður Benediktsdóttir og Elín Pálsdóttir

1. Katrín Gunnarsdóttir, formaður og Rannvegi Bjarnadóttir, varaformaður hafa sagt af sér í menningarmálanefnd. Í stað þeirra er búið að skipa Ólaf E. Júlíusson og Gunnar Híram Erlendsson. Nefndin skiptir með sér verkum: Ólafur formaður og Gunnar varaformaður, ritari Lilja Magnúsdóttir.

2. Farið yfir fjárhagsáætlun fyrir 2020:

Það sem nefndin hefur til ráðstöfunar er:

542 260 kr nefndarlaun og fundakostnaður
18 175 kr fyrir kammertónleika
200 000 kr sumarhátíðir
600 000 kr Uppskeru- og þakkarhátíð
500 000 kr Aðrir styrkir, listamenn.
400 000 kr 17. júní með íþróttá- og æskulýðsnefnd.

3. Styrkir

Uppbyggingarsjóður SASS hefur styrkt ýmis menningarverkefni. Umsóknarfresturinn þar er 3. mars 2020. Rætt um hvaða verkefni við gætum sótt um:

Gullmolinn - listaverk sem tengist húsinu uppi á brún og rafvæðingunni í Skaftárhreppi

Verkefni sem tengja saman erlenda íbúa og íslenska. t.d. kvikmyndasýning. Sýna mynd sem fjallar um pólska íbúa á Íslandi, listahátíð eða hátíð þar sem allir geta tekið þátt.

Eignarhaldssjóður Brunabótafélags Íslands. Þar geta sveitarfélögin sótt um styrki til einstakra verkefna fram í apríl.

4. Menningarmálanefnd óskar eftir aðstöðu fyrir æfingahúsnæði og vinnustofur í "brennslunni" á Klaustri.

5. Rætt um Kirkjuhvol sem er góður staður fyrir menningarviðburði. Það hefur verið vandamál undanfarið hvað tækjabúnaður er kominn á aldur eða þarfnast þess að einhver sinni honum. Vantar nauðsynlega umsjónarmann búnaðarins og hússins sem getur aðstoðað þá sem eru með viðburði í salnum eða leigja húsið. Sveitarstjórn hvött til að skoða þetta mál.

Margar hugmyndir fljúga um fundarsalinn. Samþykkt að hugsa og ræða saman næstu daga til að finna fleiri styrkjámöguleika eða verkefni. Hittumst aftur þriðjudaginn 25. febrúar 2020

Fundi slitið

Fundarritari: Lilja Magnúsdóttir

Gunnar Erlendsson

Ólafur E. Júlíusson
Lilja Magnúsdóttir
Þuríður Benediktsdóttir
Sólveig Ólafsdóttir
Elín Pálsdóttir